

Minnisblað

Ábatamat Samkeppniseftirlitsins

Jón Þór Sturluson

21. desember 2023

Ég hef, að beiðni Samkeppniseftirlitsins (SE), yfirfarið aðferðarfræði, útreikninga og val á forsendum við mat stofnunarinnar á ábata vegna íhlutunar SE á tímabilinu 2013 til 2022. Við úttektina fékk ég fullan aðgang að útreikningum og forsendum sem til grundvallar lágu. Mín greining var þrjúþætt.

Í fyrsta lagi, fór ég ítarlega yfir útreikninga á metnum ábata vegna hvers og eins máls sem til skoðunar var á umræddu tímabili. Útreikningarnir reyndust fyllilega í samræmi við þá aðferðarfræði sem lýst er í 2. kafla skýrslu stofnunarinnar. Hvað almennar forsendur varðar geri ég ekki athugasemdir, en þær byggja að öllu leyti á aðferðarfræði sem OECD hefur mælt með og einhverjum tilvillum nánar útfærðri aðferðarfræði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem leiðir til varfærnari niðurstöðu. Rétt er að benda á að núvirðing ábata og val á reiknivöxtum hefur lítil áhrif á niðurstöðuna þar sem áhrifatímabil íhlutana eru fremur stutt.

Í öðru lagi skoðaði ég ítarlega forsendur í þeim 11 málum sem í drögum skýrslunar skiluðu hæstum reiknuðum ábata. Málin spönnuðu ágætlega þá breidd sem er að finna í íhlutunum stofnunarinnar, en í úrtakinu voru mál er vörðuðu 10., 11., 12. og 17. greinar samkeppnislaga. Í þremur málum komu upp álitamál um skilgreiningu á undirliggjandi markaði, ýmist til þrengingar eða víkkunar. Í einu tilfelli reyndist flókið að flokka viðkomandi mál. Í öllum tilvikum er ég sáttur við lokaniðurstöðu stofnunarinnar.

Í þriðja lagi skoðaði ég ábatamat vegna 10 mála sem ég valdi með slembiaðferð, einkum með hliðsjón af markaðsskilgreiningu. Í engu tilfelli taldi ég ástæðu til að breyta nálgun SE.

Vert er að hafa í huga að undirliggjandi aðferðarfræði OECD er ekki gallalaus. Einstök samkeppnismál eru mjög mismunandi og því talsverð ónákvæmi að miða reikniforsendur við fáeina flokka mála. Eins geta komið upp álitamál við val á veltuviðmiði, út frá viðeigandi markaðsskilgreiningu. Forsendurnar miða þó við rannsóknir á einstökum málum og ekkert bendir til þess að um þjaga sé að ræða þegar á heildina er litið. Einnig er aðferðarfræðin háð þeim annmarka að hún tekur ekki tillit til fælingaráhrifa af íhlutunum SE eða áhrifum af leiðbeiningu og óformlegum samskiptum. Á heildina litið má því búast við að um nokkuð vanmat á heildaráhrifum íhlutana SE sé að ræða. Niðurstaða SE byggir hins vegar á varfærnu mati sem hægt er að heimfæra með skýrri tilvísun til einstakra ákvarðana með viðurkenndri aðferðarfræði.

dr. Jón Þór Sturluson

Dósent við Háskólann í Reykjavík